

Sharp MZ 700 tölva í Skógasafni

Í heimsókn í byggðasafnið í Skógum í júní 2006 rakst ég á sjaldséða einmenningstölvu í hrúgu af óflokkuðum aðföngum til safnsins, af gerðinni Sharp MZ700.



Þessa mynd tók ég af gripnum með leyfi safnvarða. Tölvan var nýkomin og enn óskráð. Upplýsingar um eigendur og notkun lágu ekki fyrir. Ég veit ekki um aðrar tölvur varðveittar í Skógasafni.

Allmiklar upplýsingar er að finna á vefnum um þessa gerð og reyndar alla MZ-röðina frá Sharp, til dæmis <http://www.sharpmz.org/index.html>

Mér sýnist þetta vera fullkomnasta gerðin af MZ700, MZ731, með kassettusegulbandi og fjögurra lita prentara/teiknara (var búinn 4 mislitum kúlupennum). 20000 vélar voru framleiddar um og upp úr 1982. Tölvan kom á markað í október það ár og ku hafa selst vel í Bretlandi til dæmis. Örgjörvinn er Z80, minnið var 64K og á vélinni var tengi fyrir sjónvarp eða monitor, úttak í 8 litum.

Nánari upplýsingar væru vel þegnar, til dæmis í tölvupósti á johg hjá centrum.is.